

# Menntabúðir II haust 2014 – fréttir

Síðastliðinn fimmtudag voru haldnar menntabúðir með aðeins öðruvísi fyrirkomulagi en venjulega. Búðirnar voru haldnar í samstarfi við Landskrifstofu Rannís og þemað var eTwinning. Kennarar í samstarfsverkefnum ásamt fulltrúum eTwinning kynntu ýmis verkefni og margar spennandi nýjungar í eTwinning. Eftir menntabúðirnar var móttaka í Fjöru þar sem Ágúst Hjörtur Ingbórsson, forstöðumaður mennta- og menningarsviðs Rannís og Landskrifstofu Erasmus+, menntaáætlunar ESB, afhenti gæðaviðurkenningar fyrir verkefni síðasta skólaárs.

Þeir sem fengu viðurkenningar að þessu sinni voru:

**Elín Stefánsdóttir**, Grunnskóla Bolungarvíkur, fyrir verkefnið Christmas movie og A movie – I'm different, and I'm proud of it.

**Zofia Marciniak**, Grunnskóla Bolungarvíkur, fyrir verkefnið Art Connects Us.

**Kolbrún Svala Hjaltadóttir** og samstarfskennarar, Flataskóla, fyrir verkefnið The tree full of spring birds; More than frozen water og Schoolovision 2014.

**Ragna Gunnarsdóttir**, Flataskóla, fyrir verkefnið The European Chain Reaction 2014 og Primary students experiment, observe, investigate and create.

**Rósa Harðardóttir** og **Laufey Einarsdóttir**, Kelduskóla, fyrir verkefnið Blue Planet.

**Rósa Harðardóttir**, Kelduskóla, fyrir verkefnið Postcards from Europe.

**Anna Magnea Harðardóttir**, Hofstaðaskóla, fyrir verkefnið Europe-so many faces.

**Anna Sofia Wahlström**, Leikskólanum Holti, fyrir verkefnið From picture to adventure.

**Ásta Erlingsdóttir** og samstarfskennarar, -

Landbúnaðarháskóla Íslands, fyrir verkefnið Social Networks and European Diversity.

**Ásta Ólafsdóttir**, Réttarholtsskóla, fyrir verkefnin Maths is everywhere 2013 og Tilings in Europe.

Í lokin var dregið var á milli skólanna og fengu Hofstaðaskóli og Flataskóli gjafabréf í Tölvulistanum að andvirði 175 þúsund kr. hvor.

Myndirnar hér fyrir neðan voru teknar á menntabúðunum 16. október 2014





